DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2549 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 27. maí 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Ólöf Arna Gunnlaugsdóttir, rekstrarstjóri er spennt að taka á móti viðskiptavinum Poolstofunnar. Mynd: Dagskráin/GPP

Poolstofan opnar á Selfossi

Fimmtudaginn 28. maí nk. kl. 12 mun Poolstofan á Selfossi opna dyrnar fyrir viðskiptavinum sínum að Eyravegi 32. Áhersla staðarins er að vera fjölskylduvænn á daginn og hækka örlítið róminn á kvöldin. „Það verður gaman að koma hingað með fjölskyldunni og eiga góða stund saman. Hvort sem það er að fara í pool, pílu, teikna eða horfa á teiknimyndir með Tomma og Jenna. Staðurinn er staðsettur bak við Búlluna á Eyravegi og hægt verður að panta mat á Búllunni og fá hann yfir, en innangengt er á milli staðanna.

Stemning allan daginn, líka á kvöldin

„Þetta er fjölskylduvænn staður fyrst og fremst. Þegar kvölda tekur hækkar aðeins í tónlistinni. Þetta er ekki beint bar, en með bar ívafi og alls ekki í boði að vera of drukkinn ef svo má að orði komast. Svo munum við bjóða upp á að hægt verði að leigja staðinn eftir kl. 21. Þá er hægt að hafa hér starfsmannagleði, afmæli og hvað eina. Opnunartíminn er frá kl. 12 alla daga vikunnar til kl. 21. Á boðstólum verður meðal annars „Crazy Shake“, úrval af kaffi og kaffidrykkjum, kökur, gos í gleri með lakkrísröri, það er svo fáránlega gott. Að auki er svo úrval af áfengum drykkjum fyrir þá sem það vilja. Svo má ekki gleyma öllu því sem hægt er að panta frá Búllunni og hingað yfir, segir Ólöf Arna Gunnlaugsdóttir, rekstrarstjóri Poolstofunnar á Selfossi. *-gpp*

Spennandi samstarfsverkefni á Suðurlandi fær styrk

Listasafn Árnesinga í samstarfi við Viktor Pétur Hannesson myndlistarmann og grunnskóla á Suðurlandi hlutu 1.500.000 kr. styrk fyrir verkefnið Grasagrafík. Grasagrafík er yfirskrift námskeiða sem haldin verða á Suðurlandi. Listamaðurinn mun heimsækja grunnskóla á Suðurlandi en einnig verður boðið upp á smiðjur í Listasafni Árnesinga tengt verkefninu. Viktor Pétur mun aka milli skólanna með vinnustofuna sína, en hún er á hjólum. Viktor hefur þvælst víða um landið á „vinnustofunni“ til þess að stunda listgrein sína og plöntusöfnun til þess að útbúa úr þeim grafíkverk.

Jurtir úr flóru Íslands í aðalhlutverki

Í verkefninu er unnið með jurtir úr flóru Íslands og þær nýttar sem efniviður í listsköpun. Vinnan skilar sér m.a. í því að nemendur og kennarar þeirra sjá jurtir úr náttúru Íslands í nýju ljósi. Í samtali við Viktor Pétur segir hann að einfaldasta leiðin til að útskýra ferlið sé sú að hann „strauji“ jurtirnar á pappír. Þetta sé sambland af grafík og jurtalitun sem eigi sér stað þegar hann geri verk sín. „Það verður mjög spennandi verkefni að fá að heimsækja skólana og fræða þá um þessa skemmtilegu aðferð. Og svo vonandi gaman fyrir börn og kennara að læra aðferðina,“ segir Viktor Pétur í samtali við Dagskrána.

Það verður spennandi að sjá afrakstur vinnunnar sem kemur út úr verkefninu á komandi tímum. Alls voru veittir styrkir til 42 verkefna sem nema alls um 92 milljónum kr. Alls voru 112 umsóknir sem bárust sjóðnum að þessu sinni.

Á myndinni má sjá bílinn hans Viktors sem mun keyra um sunnlenskar sveitir og færa menningu og list heim að dyrum grunnskólanna.

Sjóðurinn styður við þátttöku barna í menningarlífinu

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra fluttu ávarp við úthlutun Barnamenningarsjóðs Íslands fyrir 2020. Þetta var önnur úthlutun sjóðsins sem stofnaður var í tilefni aldarafmælis fullveldisins. Hlutverk sjóðsins er að styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífinu. Forsætisráðherra ræddi sögu íslenskrar barnamenningar og íslensks samfélags og hve mikilvægt væri að gefa öllum börnum tækifæri til að skapa og feta ótroðnar slóðir. Mennta- og menningarmálaráðherra lagði áherslu á aðgengi allra barna að listum, menningu og skapandi starfi og fjölbreytni væri lykillinn að því. Tilkynnt var um úthlutun við athöfn í Hörpu á degi barnsins, sunnudaginn 24. maí 2020 og var safnstjóri Listasafns Árnesinga Kristín Scheving og Viktor Pétur Hannesson viðstödd úthlutun. Lesa má meira um verkefnið á heimasíðu safnsins. *-gpp*

LAGERHREINSUN

BJÓÐUM ELDRI LAGER Á DÚNDURAFSLÆTTI

Full búð af nýjum sumarfatnaði

Alltaf opið í vefverslun okkar
www.tiskuverslun.is

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAMEISTARI

DFS TV

DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.

Þyrluflutningur og takmarkanir við Skógafoss

Föstudaginn 22. maí sl. tilkynnti Umhverfisstofnun að búið væri að loka Skógafossi þar sem vinna stæði yfir vegna stígagerðar. Ferðamönnum sem ætla að ganga Fimmvörðuháls var hleypt í gegn í hollum í samráði við landverði á meðan þyrlan væri að störfum, en áætlað var að verkið tæki 4-5 daga.

Svæðið farið að láta verulega á sjá

Með þyrlunni á að flytja malarefni í yfirborð á nýjum göngustíg á Skógaheiði. Undirbúningur að verkinu, landmótun og gröfvinna hefur staðið yfir síðustu mánuði. Um er að ræða annan áfanga af þremur í uppbyggingu Umhverfisstofnunar á göngustígum á heiðinni. „Að verki loknu mun verða hægt að virða fyrir sér fagra fossaröð Skógaár á öruggan og sjálfbæran máta. Hingað til hefur verið gengið meðfram ánni á gömlum kindaslóðum og var svæðið verulega farið að láta á sjá sökum ágangs,“ segir í tilkynningu frá Umhverfisstofnun.

Ferðamannaleysið einfaldar vinnuna

Til að koma malarefni í yfirborð hins nýja stígs þarf að flytja nokkur hundruð rúmmetra með þyrlu upp af láglendinu. Í ferðamannaleysinu hefur skapast tækifæri til að skipuleggja þyrluflutninginn á þann veg að notast verður við bílastæðið framan við fossinn sem vinnusvæði á meðan þyrluflutningum stendur. Áður stóð til að fljúga þyrlunni margfalt lengri vegalengd í hverri ferð til að komast hjá lokunum, enda hefur fossinn jafnan verið heimsóttur af miklum fjölda gesta á degi hverjum á síðustu árum. *-gpp*

Hrós vikunnar

Erna Guðjónsdóttir
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

Erna Guðjónsdóttir

Ég vil byrja á því að þakka uppáhalds nágranna mínum og kennara fyrir að skora á mig. En ég ætla að hrósa starfsmönnum og krökkunum í félagsmiðstöðinni Zelsiuz. En þau stóðu sig sjúklega vel í þessu óvissuástandi.

Erna Guðjónsdóttir

Ég ætla að skora á Karitas Tómasdóttur að koma með gott hrós í næsta blað. Takk fyrir mig!

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Karitas, sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)

Hægt að áætla fjárhæðir stuðningslána og lokunarstyrkja í reiknivél á Ísland.is

Fyrirtæki geta nú kannað hvernig þau falla undir úrræði sem stjórnvöld hafa kynnt vegna Covid-19 í reiknivél á vefnum Ísland.is. Senn verður opnað fyrir móttöku umsókna um lokunarstyrki og stuðningslán á vefnum, auk þess sem þar er að finna upplýsingar um viðbótarlán.

Reiknivélin leiðir fyrirtæki áfram í gegnum spurningalista þar sem þau geta mátað sig við úrræðin og fengið vísbendingu um stöðu sína, en endanleg niðurstaða liggur fyrir að loknu umsóknarferli. Einnig býðst fyrirtækjum að skrá sig á póstlista en Stafrænt Ísland sendir út tilkynningu um leið og verður opnað fyrir umsóknir.

Skjáskot af vefsíðunni island.is

Nýjar rafhleðslustöðvar fyrir alla bíla í Brautarholti og Árnesi

Komnar eru í gagnið tvær nýjar rafhleðslustöðvar við Félagsheimilin Árnes og Brautaholt hér í sveit. Þetta eru 22 kw stöðvar sem ætlaðar eru fyrir allar gerðir rafbíla (m.a. Teslur). Fyrst um sinn eru þær gjaldfrjálsar þar sem þetta er liður í aðgerðum stjórnvalda og sveitarfélagsins í loftslagsmálum og uppbyggingu innviða vegna orkuskipta í samgöngum. Íbúar og aðrir, gjörið svo vel og nýtið ykkur þetta. Það tekur um 3 klst. að fullhlaða bifreiðina á meðfylgjandi mynd.

Íslendingar eru með góðkynja mikilmennskubrjálæði

Rithöfundurinn Guðrún Eva Mínervudóttir tók á móti mér á heimili sínu fyrir skömmu. Það er notalegt andrúmsloftið fyrir innan hurðina og á meðan að ég kem mér fyrir í eldhúsinu segir hún: „Er ekki í lagi að ég gefi barninu að borða. Hún var að koma heim úr skólanum,“ og rennir tveimur brauðsneiðum í ristina. Ég svara að bragði að það sé sjálfsagt. Þetta var í takti við það sem við vorum að ræða um að allt væri nú að hjarna við eftir ástandið sem skapaðist með samkomubanni og kórónuveirunni meðan við gengum frá forstofunni inn í eldhús. Mannlífið er að taka við sér eins og vorið. Ristabrauð í kaffinu.

Ég gerði mér ferð í Hveragerði vegna þess að Guðrún Eva er ekki einungis rithöfundur og kennari heldur rekur hún ferðaþjónustu í bakgarðinum. Bak við húsið hennar er haganlega búið að koma fyrir smáhýsum sem hún hefur leigt út til ferðamanna. Mér lá forvitni á að vita hvernig hún ákvað að nýta það tómarúm sem afbókanir skildu eftir sig í kjölfar Covid-19.

Ég er búin að vera að bíða eftir því í mörg ár að heimurinn hægi á sér

Hún sest niður með kaffibolla og svarar fyrstu spurningunni. „Ég sá fram á að það yrði mikið um afbókanir á fólki frá útlöndum. Mér þótti sorglegt að láta aðstöðuna standa auða og í rauninni var ég bara að prófa. Ég er ekki heldur að bíða eftir því að „allt fari aftur í gang“ og allt fari á fullan snúning aftur. Ég er búin að vera að bíða eftir því í mörg ár að heimurinn hægi á sér og fólk sé ekki svona mikið á þeytingi milli landa. Þetta er ekkert sjálfbært. Mér finnst auðvitað að fólk eigi að halda áfram að ferðast en bara öðruvísi. Fara kannski og vera í sex mánuði í sjálfboðavinnu og koma svo til baka reynslunni ríkari eða eitthvað þannig. Við höfum notið þess að reka gistiheimilið í bakgarðinum. Það er ótrúlega gefandi að vera alltaf að hitta ókunnugt fólk og eiga við það notaleg samskipti sem eru alveg flækjulaus. Á sama tíma hef ég verið dálítið hristandi hausinn yfir þessu. Mér finnst ég alltaf vera að þvo hrein rúmföt, margir stoppa bara í eina nótt og ég spyr mig hvaða æðibunugangur er þetta,“ segir Guðrún og hlær. Það er auðheyrt að Guðrúnu líkar vel við að hafa líf í kringum sig í húsunum.

Keyrir saman ritlist og ferðaþjónustu

Þrátt fyrir að vilja hafa líf og fjör í kringum sig er samt óþarfi að vera á hraðferð. Það er kjarninn í því sem við ræðum um í stundarkorn. Eftir vangaveltur um það förum við að ræða samkeyrslu á ritlist og ferðaþjónustu. Þú ert sem sagt að bjóða fólki í gistingu og svo að hjálpa því í ritlistinni samhliða. Kannski að stíga sín fyrstu skref á ritvellinum eða taka tappann úr sé fólk með ritstíflu, eða hvað? „Þetta kom þannig til að ég er ritlistarkennari. Ég er voða mikið bara heima, en hef verið að fara að kenna ritlist í Listaháskólanum, sem dæmi. Það sem ég er svo að fara að gera með fólki, sem kemur hingað, er eitthvað sem ég hef verið að gera mjög mikið af. Ég hef verið t.d. að gera þetta fyrir aðra höfunda sem ég er í kunningsskap við og fengið greitt í líku á móti. Líka fyrir fólk sem hefur leitað til mín með eitthvað. Ég er alltaf að þessu hvort sem er,“ segir Guðrún Eva.

Viðbrögðin hafa farið langt fram úr væntingum

„Ég er steinhissa yfir viðbrögðunum. Ég er samt viss um að þetta geti verið svo gott. Ég held að þetta sé svo góð nálgun. Frekar en að ég fái sent handrit í tölvupósti og skrifi einhverja punkta til baka eða fólk komi og stoppi í hálftíma, fái kaffi og er svo farið. Það er þessi dvöl sem er dálítið lykilatriði þarna. Ég veit hvað það er að taka inn svona upplýsingar sem stækka hugann og fjölga möguleikum. Það þarf dálítið rými til þess að gera það hluta af sér. Ég finn svona hálfgerða köllunartilfinningu um þessar mundir. Svona í að miðla, inspirera fólk bæta einhverju við eða aðstoða á þann hátt sem ég kann best. Ég veit hvaða töfrar geta átt sér stað þegar tveir hausar setja sig vel inn í verkefnið og hvað samtal getur verið máttugt og kveikt margt. Ég kannski kem með hugmynd að einhverju sem kveikir aðra hugmynd hjá viðkomandi og mín fellur eins og stillans í burt.“ Hverjir eru það sem eru að sækjast eftir svona þjónustu? „Margir sem eru að koma eru með hálftilbúin eða langt gengin handrit og hafa jafnvel verið að gefa út efni.“

Guðrún Eva Mínervudóttir ásamt dóttur sinni. Mynd: Dagskráin/GPP

Guðrún ljómar þegar að hún talar um verkefnið og þá vinnu sem er fram undan við að skapa. Skapa sögur og hjálpa fólki áfram í sköpunarferli sínu. Hún segir í framhjáhlaupi, kankvís á svipinn: „Ég svona helst myndi vilja afbóka alla sem eru að koma bara í gistingu,“ segir hún og hláturinn gusast um herbergið. Aðspurð segist hún gjarna myndi vilja snúa sér að þessu alfarið.

Fjöldi með bók í maganum – erum sagnafólk

Erum við ennþá svona mikið sagnafólk? Eru skúffuskáldin víða? Spyr ég. „Já. Við erum líka öll svo miklir einstaklingar og gerum okkur svo ljósa grein fyrir því að við höfum eitthvað að segja og að við skiptum máli. Þetta stafar held ég líka af því hvað við erum fá. Við Íslendingar erum með góðkynja mikilmennskubrjálæði,“ segir Guðrún og við skellum uppúr. „Þetta er rétt, það er ekki bara í genunum og frumunum og bara af því mér finnst það heldur ef ég hugsa um það bara hugmyndalega séð þá finnst mér það raunverulega að líf hvers og eins skipti máli og hver og einn hefur mikla sögu að segja.“ Upp úr þessu förum við að ræða öll skúffuskáldin sem ganga með veggjum með bók í maga. Og jafnvel góðar bækur og sögur sem ættu að sjá ljósið. „Ójá, það eru ótrúlega margir sem eru þarna úti. Það er ótrúlegt hvað fólk getur komið sjálfu sér á óvart þegar það byrjar að skrifa. Þegar það heldur að það kunni ekki og geti ekki, svo kemur bara eitthvað stórkostlegt. Þetta höfum við í okkur því við hrærumst og lifum í tungumálinu í raun meira en efnislega heiminum oft. Við getum skrifað eins og við getum talað og dansað, ef á annað borð við höfum lært að skrifa í barnaskóla.

Vill ekki þetta venjulega aftur

Í lokin ræðum við áhrif veirunnar á samfélagið. Guðrún segir að margir séu að vonast eftir að allt verði aftur venjulegt og eins og áður. Hún sé á þeirri skoðun að það sem áður var hafi alls ekki verið venjulegt eða skynsamlegt. „Við vorum að mínu mati á hraðri leið fram af brúninni og við þurfum að hægja á okkur burt séð frá kórónuveirunni.“ Guðrún ætlar að leggja sitt af mörkum í þessu tilliti. Bjóða gestum að koma og gista, eiga róleg djúp samtöl sem skilja eitthvað eftir sig, jafnvel í formi bókar. Ekki á þönum og hlaupum eins og við gerum svo oft í dag. Smáskilaboð hér, 10 mínútur þar. Hæ og bæ. Hvort sem samtalið á sér stað í húsunum hjá Guðrúnu eða úti í bæ er rétt að staldra við og kafa ögn dýpra í samræðurnar við náungann. -gpp

Samstarfssamningur um mótun landshlutateymis í málefnum fatlaðra barna á Suðurlandi

Nýr samstarfssamningur um mótun landshlutateymis á Suðurlandi hefur verið undirritaður. Um er að ræða tveggja ára þróunarverkefni í samræmi við Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 – 2021 sem miðar að því að styrkja grunnþjónustu í héraði. Aðilar að samningnum eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölskyldusvið Árborgar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Velferðar- og skólaþjónusta Árnesþings.

Landshlutateymið byggir á þverfaglegu samstarfi þar sem fulltrúar félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu frá hverju svæði mynda samstarfsteymi með það að markmiði að stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn með sértækar þarfir og fjölskyldur þeirra. Tilgangur teymisins er einnig að auka samvinnu og samráð á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og þjónustuaðila í heimabyggð við greiningarferli, eftirfylgd, íhlutunarleiðir, ráðgjöf og skipulag fræðslu til að stuðla að sérhæfðri þekkingaruppbyggingu.

Sigríður O. Guðjónsdóttir frá Greiningar- og ráðgjafarstöð og Kristín Björk Jóhannsdóttir frá Fjölskyldusviði Árborgar hafa verið ráðnar sem verkefnastjórar verkefnisins. Sigríður er iðjuþjálfi að mennt með viðbótarmenntun í sérkennslufræðum. Hún hefur víðtæka reynslu af vinnu með börnum með fatlanir og fjölskyldum

Kristín Björk Jóhannsdóttir og Sigríður O. Guðjónsdóttir hafa verið ráðnar verkefnastjórar með þróunarverkefninu.

þeirra hér á landi, í Noregi og Danmörku. Kristín Björk er þroskaþjálfi og kennari að mennt auk þess að vera með viðbótarmenntun í fötlunarfræðum og ráðgjöf. Hún hefur starfað um árabil við sérdeild Suðurlands sem þroskaþjálfi, kennari, við ráðgjöf og sem deildarstjóri.

Að koma heim í stutt frí

Guðmundur Ármann Pétursson

Íbúi á Eyrarbakka

Það er búið að helluleggja og ganga virkilega fallega frá gangstéttinni í þorpinu mínu. Ég held að það séu óvenju margir sem eru úti í garði að rækta matjurtir. Það er víða verið að bæta og breyta. Það er verið að byggja ný hús og nýjar íbúðir í liltu þorpi þar sem árum saman var lítið um nýbyggingar.

Það eru fleiri á röltinu, það er oftar stoppað og spjallað. Bíltúrar um uppsveitirnar eru rólegri, það eru færri á ferðinni og mig langar oftar að stoppa til að skoða og njóta.

Fórum fjölskyldan fyrir stuttu í Efsta-Dal. Þar voru bara Íslendingar og fólk kastaði kveðju hvert á annað svona bara af því bara. Maturinn og ísinn góður og stemning svolítið eins og í „gamla daga“.

Kaffihús, veitingastaðir og litlar verslanir eru að opna soldið eins og eftir erfiðan vetur. Það er bjart og andrúmsloftið er gott. Móttökurnar eru hlýjar og jákvæðar.

Við erum að fara í gegnum erfiða tíma og það reynir mikið á hjá mörgum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Það er flókið að reka ríkissjóð, að vera í forsvari fyrir bæjarfélag, að bera ábyrgð á fyrirtæki og að halda heimili. Mér finnst samt eins og við séum að gera þetta eitthvað svo mikið betur núna en við höfum áður gert við erfiðar aðstæður.

Það er hvetjandi að heyra ráðamenn tala um að við munum vinna okkur út úr þessu ástandi og hér muni hlutir á ný byggjast upp, en það þurfi ekki endilega að vera sama Ísland sem rís upp. Á þessum fáu vikum sem Covid-19 hefur tekið yfir samfélag okkar og alls heimsins hefur ótrúlega margt breyst. Skólakerfið hefur tekið breytingum, atvinnulífið er ekki samt, hið opinbera er einnig að breytast.

Litlu hlutirnir eru einnig breyttir, ég er laus við tásumyndir frá Tenerife og þess í stað fer ég inn á Facebook til að sjá hvað er nýjast að gerast í súrdeigsbakstri og er að tala í mig kjark til að prófa ostagerð.

Mér líður eins og ég hafi síðustu ár búið í New York í fjölmenningu, hraða og með nóg af öllu nema tíma fyrir það sem skiptir raunverulega máli.

Þessar Covid-19-vikur eru eins og ég hafi flogið heim og hafi verið heima hjá fjölskyldu og vinum í því öryggi og þeirri gleði sem nánir vinir og fjölskylda geta aðeins veitt. Ísland er lítið land og við erum lánsöm.

Það er örugglega stutt í það að við hverfum úr þessu stutta „fríi“ í „gamla raunveruleikann“. Vonandi komum við breytt til baka og byggjum upp aðeins breytt og betra samfélag. Það liggja tækifæri í reynslu síðustu vikna, nýtum þau í þágu samfélagsins, náttúrunnar, fyrirtækjanna, skólanna, nýsköpunarinnar og alls þess sem færir okkur gleði, hagsæld og náttúrvernd.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég þarf stórar greinar, lim og blöð að bera,
undirstaða á að vera.
Auð er hægt af mér að gera.

Svar við gátu í blaði 2548: TAK.
1. lína: Verkur - 2. lína: Átak
3. lína: Úrtak

Sunnlenski matgæðingurinn

Hanna heiti ég og bý á Núpi undir Eyjafjöllum. Þakka ég kærlega fyrir áskorunina hjá þessum sem er alltaf brjálað að gera og deili hér með lesendum uppskrift sem er alltaf vinsæl á mínu heimili.

Lasagne Hönnu
800 gr. folaldahakk
1 laukur, saxaður
3 gulrætur
1 dós tómatpúrra
2 msk. tómatsósa
1 grænmetisteningur
1 nautateningur
Salt og pipar
Hamborgarakrydd
Og annað krydd sem hver vill
1 dós sýrður rjómi
1 stór dós kotasæla
Lasagnaplötur
1 poki pizzuostur

Aðferð:
Léttsteikja lauk og gulrætur, hakk steikt og kryddað. Tómatpúrru, tómatsósu, teningum og sýrðum rjóma blandað saman við. Allt látið malla í ca. 10 mín. við vægan hita. Því næst sett í lögum í form sem hér segir: Þunnt lag kjötsósa, lasagnaplötur, kjötsósa, kotasæla, lasagnaplötur, kjötsósa, kotasæla og að lokum osturinn yfir.

Ég skora á vinkonu mína á Fit, Sigríði Björk Ólafsdóttur, að vera næsti matgæðingur því ég veit hún lumar á einhverju góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga 27. júní 2020

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga 27. júní 2020 er hafin. Hægt verður að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00.

Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:
- Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal
- Austurvegi 6, Hvolsvelli
- Hörðuvöllum 1, Selfossi

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Atkvæðagreiðsla í heimahúsi
Þeir sem ekki eiga heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi, til embættisins, fyrir kl. 15:00, þriðjudaginn 23. júní. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is.

Ábyrgð á atkvæði
Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis. Starfsfólk embættisins mun aðstoða eftir föngum við að koma atkvæði til skila en síðustu daga fyrir kosningar er mælst til þess að kjósandi annist það sjálfur ef viðkomandi er á kjörskrá í öðrum kjördæmum.

Hægt verður að kjósa víðar en á sýsluskrifstofum innan umdæmisins og verða kjörstaðir nánar auglýstir síðar á vefsíðunni www.kosning.is og í héraðsfréttablöðum en ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
25. maí 2020
Kristín Þórðardóttir

REKSTRARLAND Á SELFOSSI ER BAKHJARL BÆNDA

Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstiþvottatæki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.

SENDUM UM LAND ALLT!

Pantanir í síma **515 1100**
og **pontun@olis.is**

olís | REKSTRARLAND

Rekstrarland | Arnberg | 800 Selfoss | **480 1306** | rekstrarland.is

Aðstoðarleikskólastjóri óskast í Leikskólann Álfaborg

LEIKSKÓLINN ÁLFABORG

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum aðstoðarleikskólastjóra í afleysingu til eins árs.

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt og skemmtilegt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019. Í leikskólanum starfar metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2020. Þegar hæfasti umsækjandi hefur verið valinn verður óskað eftir undirritaðri heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi.

Starfsvið:

- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla, námskrá Álfaborgar og skólastefnu Bláskógabyggðar
- Er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans
- Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins
- Sinnir þeim verkefnum sem varðar stjórnun og sérkennslustjórnun leikskólans sem yfirmaður felur honum
- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu
- Veitir foreldrum/forráðamönnum barna sem njóta sérkennslu stuðning og fræðslu

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari
- Stjórnunarreynsla í leikskóla
- Reynsla af sérkennslu
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Með umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Starfið hentar öllum kynjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lieselot Simoen, leikskólastjóri í síma 480 3051. Umsóknir sendast á netfangið alfaborg@blaskogabyggd.is. **Umsóknarfrestur er til 10. júní 2020.**

Vornámskeið í sundi 8.-18. júní

UMF SELFOSS 1936

Námskeiðið er fyrir börn fædd 2015 og eldri

Í boði verður hópur fyrir börn sem eru byrjuð í skóla. Kennt er fyrir hádegi virka daga í Sundhöll Selfoss.

Skráningu lýkur 5. júní.

Skráning og nánari upplýsingar á guggahb@simnet.is og í s. 848 1626.

Kennari er Guðbjörg H. Bjarnadóttir íþróttakennari og sundþjálfari

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

BLÁSKÓGABYGGÐ

ÚTBOÐ

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið

"Brekkuholt, gatnagerð og veitur"

Verkið felur í sér vegagerð og lagningu veitulagna ásamt yfirborðsfrágangi á götunni Brekkuholti í Reykholti, Bláskógabyggð.

Helstu magntölur eru:

Gröftur og fyllingar	3.000 m³
Efra burðarlag	400 m³
Veitulagnaskurðir	400 m
Vatnsveitulagnir	400 m
Hitaveitulagnir	400 m
Frárennslislagnir	460 m
Ljósastólpar	6 stk

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 1.júní 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu óska eftir gögnum með því að senda tölvupóst á netfangið **utbod@bkhonnun.is** og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send á tövupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu Reykholti **fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 16.júní 2020**, en þá verða þau opnuð viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Íþróttasvæði Selfoss komið í sumargallann

Loftmynd af íþróttasvæði Árborgar. Mynd: Dagskráin/BRV

Vinavika í fimleikum

FIMLEIKAR Nú stendur yfir vinavika hjá hjá fimleikadeild Selfoss og lýkur henni föstudaginn 29. maí. Í vinavikunni mega iðkendur deildarinnar taka með sér vin/vinkonu sem ekki er skráður/skráð í deildina á æfingar. Þetta er í fyrsta skipti sem fimleikadeildin heldur vinaviku og er tilhlökkunin mikil. *-sóh*

Hollenskur kraftmiðherji til Hamars

KÖRFUBOLTI Hamar hefur samið við Hollendinginn Ruud Lutterman um að leika með liðinu á komandi tímabili í fyrstu deild karla.

Ruud er rúmlega tveggja metra kraftframherji sem kemur til liðsins eftir fjögurra ára nám í ameríska háskólaboltanum.

Ruud sem er 23 ára gamall lék með bæði U20 og U18 ára landsliðum Hollendinga og kemur til landsins í lok sumars.

Mynd: www.hamar.is

Útidúkur

Uppskrift vikunnar að þessu sinni er fyrir sumarið, dúkur á útiborðið.

Verkefnið hentar vel fyrir byrjendur í hekli. Garnið heitir JAVA og er frá Fibra Natura. 100% hampur sem er sérlega umhverfisvæn planta í ræktun og meðferð. Það hentar vel í hverskyns handavinnu eins og t.d. í fíngerð hnýtt blómahengi.
Efni 1 dokka af garninu og heklunál no 4,5.

Dúkurinn getur auðveldlega verið í hvaða stærð sem er eftir löngun og smekk hvers og eins.

Skammstafanir
ll – loftlykkja, fl – fastalykkja, kl – keðjulykkja, st – stuðull, a-gat - 1st, 1ll, 1 st í a-gat, umf – umferð, við þetta verður fjölgun í hverri umferð.

1. umf: Gerið fyrst 11 fl utan um töfralykkju og tengið saman með kl í fyrstu fl.
2. umf: 2 ll (jafngildir stuðli), 1 st í sama gat. 2 st í allar fl. Þegar komið er hringinn ættu að vera 11 stuðlapör. Tengið efst í aftari stuðulinn í fyrsta stuðlaparinu með kl.
3. umf: 3 ll 1 st í sama gat (jafngildir a-gati og er gert í upphafi hverrar umferðar nema þeirri síðustu), 1 st í næsta st síðustu umf, *a-gat, 1 st í næsta st* endurtakið * - * út umferðina og tengið með kl efst milli fyrstu st umf.
4. umf: *a-gat, 1 st í næstu 2 st* endurtakið * - * út umferðina og tengið með kl efst milli fyrstu st umf.
Hér eftir eru til skiptis gerðar umferðir með bilum og án bila.
5. umf: *a-gat, 1 ll, 1 st í þarnæsta st, 1 ll*, endurtakið * - * út umferðina og tengið með kl efst milli fyrstu st umf.
6. umf: * a-gat, 1 st í bil, 1 st í st fyrri umf, 1 st í bil, 1 st í st fyrri umf *. endurtakið * - * út umferðina og tengið með kl efst milli fyrstu st umf.
7. umf: *a-gat, 1 ll, (1 st í þarnæsta st, 1 ll) - () tvisvar*, endurtakið * - * út umferðina og tengið með kl efst milli fyrstu st umf.
Endurtakið 6. og 7. umferð með tilheyrandi fjölgun á bilum og stuðlum milli a-gata, alls 14 umf, þar af 5 umf með bilum og sú síðasta ekki með bilum.
Lokaumferðin: *3 fl í a-gat, 1 fl í hvern st fyrri umf*, endurtakið * - * út umferðina og tengið með kl í fyrstu fl.
Slítið frá og dragið endann í gegn. Pressið á röngunni með rökum klút.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

Með almannahagsmuni í huga

Í sveitarstjórn Rangárþings eystra hafa síðustu tvö ár einkennst af ánægjulegu samstarfi. Góðar hugmyndir hafa verið studdar hvaðan sem þær komu og þegar hafa nokkur mál sem L-listinn lagði áherslu á fengið jákvæða afgreiðslu. Má þar nefna bætta sorpflokkun, nýtt íbúðarhverfi, endurskoðun aðalskipulags, deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis, faglegri og nútímalegri stjórnsýslu o.fl. Það er enginn vafi á því að þessum málum sem snúa að daglegum rekstri og lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins hafi verið vel sinnt.

Hins vegar hefur ein af aðaláherslum L-listans ekki fengið góðan hljómgrunn í sveitarstjórn, en það er ráðning ópólitísks sveitarstjóra. Rökin fyrir því eru mörg, en eitt af þeim er aðgreining á starfi sveitarstjóra og öðru starfsfólki sveitarstjórans hins vegar og sveitarstjórnar með oddvitann í fararbroddi annars vegar. Á meðan sveitarstjórinn á að sinna daglega rekstrinum, á hin raunverulega pólitíska vinnan að fara fram í sveitarstjórn, en hún snýr að ólögbundnum verkefnum og mótun langtímastefnu fyrir sveitarfélagið. Sú vinna hefur því miður setið á hakanum það sem af er þessu kjörtímabili og má það kannski rekja til þess að daglegur rekstur og pólitísk vinna eru í sömu höndum.

Núverandi sveitarstjóri og oddviti munu hafa sætaskipti eftir fáeinar vikur, eins og meirihlutasamningur B og D lista gerir ráð fyrir. Einnig verða nýir nefndarformenn kosnir. Það liggur í augum uppi að málefni sveitarfélagsins fá minni athygli meðan ráðamenn koma sér fyrir, það getur skapast hætta á illa ígrunduðum ákvörðunum og skertri þjónustu.

Það getur vart talist í þágu sveitarfélagsins eða íbúa þess að fara í þessi skipti á miðju kjörtímabili. Nú á tímum kórónuveirufaraldurs er enn mikilvægara að eyða ekki tíma í ónauðsynlegar breytingar þegar mikill samdráttur er framundan og staða sveitarfélagsins mun fara versnandi.

Nú er það í höndum meirihlutans að bera umhyggju fyrir samfélaginu okkar og að láta almannahagsmuni ráða ferðinni.

Christiane L. Bahner, fulltrúi L-listans í Rangárþingi eystra, og Anna Runólfsdóttir, sem var á 3. sæti L-listans

Verður mér hafnað í dag?

Gunna Stella

Þegar ég var lítil stelpa var ég dugleg að leika við aðra krakka. Mér fannst gaman að vera úti að leika, fara í barbie og þess háttar. En ég átti erfitt með að eignast sanna vini. Ég veit ekki hver ástæðan var en líklega hefur það eitthvað haft með það að gera að við fjölskyldan vorum „aðkomufólk“ í litlum bæ úti á landi þar sem fólkið í bænum var eins og ein stór fjölskylda. Skólagangan gekk samt sem áður vel, en ég vissi aldrei hver yrði vinkona mín þann daginn. Það fór eftir því hvernig „vinkonurnar“ vöknuðu, ef svo má að orði komast. Ég vildi óska þess að mér hefði verið kennt að standa með sjálfri mér þegar ég var ung að árum. En ég var meðvirk. Ég kunni að halda fólkinu í kringum mig góðu. Ég var sérfræðingur í að lesa tilfinningar annarra en áttaði mig ekki á hvaða áhrif það var að hafa á mig sem einstakling að verða fyrir sífelldri höfnun. Ef barn gengur í gegnum höfnun á meðal vina sinna og er jafnvel að ganga í gegnum höfnun á sama tíma heima fyrir er mjög líklegt að barnið geri nánast hvað sem er til þess að ganga í augun á vinum sínum með þá von í hjarta að það eignist góða og trausta vini. Það átti svo sannarlega við um mig, því ég þráði samþykki.

Það eru ekki góðir eða traustir vinir ef þeir vilja að þú sért einhver annar eða önnur en þú raunverulega ert. Ég hafði engan til að leiðbeina mér varðandi samskipti á þessum árum. Ég vissi ekki hvað var rétt og hvað var rangt. Það eina sem ég vissi var að ef ég væri sammála síðasta manni þá myndi ég fá að tilheyra. Ég lærði því ung að árum að vera meðvirk.

Það er þannig í lífinu að ef við setjum öðru fólki mörk ber það meiri virðingu fyrir okkur en ef við leyfum því að vaða yfir okkur. Það sama á við um börn. Í dag er ég fjögurra barna móðir og fósturmóðir og ég hef áttað mig á því að ef ég vil að börnin mín læri að standa með sér þá þarf ég að vera fyrirmynd í því líka. Þegar elsta barnið mitt var 2 ára fór ég að takast á við meðvirknina sem ég hafði þróað með mér frá barnæsku. Ég vissi innst inni að ég hafði stærri drauma. Ég hafði hærri rödd og ég vildi láta í mér heyra. Ég vissi að ég þyrfti að láta ljós skína á blekkinguna sem var í höfðinu á mér. Ég vissi að ég þyrfti að vinna markvisst í því að takast á við meðvirknina. Því ef ég vildi að börnin mín myndu:

- Þora, yrði ég að þora
- Trúa á sjálfan sig, yrði ég að trúa á sjálfan mig
- Stíga inn í drauma sína, yrði ég að stíga inn í mína
- Vera hugrökk, yrði ég að læra að vera hugrökk
- Setja öðru fólki mörk, yrði ég að setja öðru fólki mörk.
- Elska sig sjálf, yrði ég að elska sjálfa mig

Ég veit að þetta hljómar einfalt í orðum en þetta er stórt og mikilvægt verkefni í raunveruleikanum. Það er svo mikilvægt að við foreldrar tökumst á við sáraukann, meðvirknina, óttann, brotna sjálfstraustið og allt það sem hefur lamað okkur í gegnum tíðina.

Einstaklingur sem tekur ábyrgð á eigin lífi og vinnur að lækningu, læknar ekki bara sig, hann læknar barnabörnin sín.

Ég hvet þig til að bera ábyrgð á eigin lífi. Það hefur mögnuð áhrif og mun ekki bara hafa áhrif á þig heldur afkomendur þína. Ef þú vilt aðstoð mína á þessari vegferð þá býð ég upp á viðtöl, námskeið og fyrirlestra.

Allar nánari upplýsingar má finna á www.gunnastella.is.

Kærleikskveðja, Gunna Stella

Sveitarfélagið ÁRBORG

Austurbyggð 2
Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing á fyrirhugaðri breytingu aðalskipulags í Sveitarfélaginu Árborg. Um er að ræða svæði sem afmarkast af Gaulverjabæjarvegi í austri, hesthúsahverfi í norðri og vestri, og fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í Austurbyggð II í suðri.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér fyrirætlanir um að stækka íbúðarsvæði Austubyggðar II á kostnað svæðis sem ætlað er fyrir hesthúsasvæði. Á svæðinu eru skilgreindar reiðleiðir og gönguleiðir sem koma til með að taka breytingum.

Skipulagslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi, á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu sveitarfélagsins, http://www.arborg.is.

Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sömu stöðum, og á netfangið sigurdur.andres@arborg.is fyrir 17. júní 2020.

Virðingarfyllst,
Sigurður Andrés Þorvarðarson, skipulagsfulltrúi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS s. 482 1944 | dfs@dfs.is

Aðalfundur
Kaupfélags Árnesinga

verður haldinn í Oddfellowsalnum Vallholti 19 á Selfossi föstudaginn 5. júní nk. og hefst kl. 14:00.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
samkv. samþykktum félagsins

Stjórn Kaupfélags Árnesinga

Aðalfundur Leikfélags Selfoss

Aðalfundur Leikfélags Selfoss 2020 verður haldinn miðvikudaginn 3. júní næstkomandi í Litla leikhúsinu við Sigtún kl. 20:00. Venjuleg aðalfundarstörf, m.a. inntaka nýrra félaga. Aðalfundir LS eru heimilislegir og í flesta staði léttir og skemmtilegir. Allir eru velkomnir.

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins, www.leikfelagselfoss.is

Stjórn Leikfélags Selfoss

LEIKFÉLAG SELFOSS

STRÓKUR

Aðalfundur
Styrktarfélags klúbbsins Stróks

verður miðvikudaginn 10. júní 2020 að Skólavöllum 1, Selfossi, klukkan 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.
Allir velkomnir.

Stjórnin

BJÖRGUNARFÉLAG ÁRBORGAR

Aðalfundur

Björgunarfélags Árborgar verður haldinn
mánudaginn 9. júní kl. 20
í Björgunarmistöðinni á Selfossi, Árvegi 1.

Venjuleg aðalfundarstörf
Kosið verður til stjórnar og annarra starfa

Tómstundafræðingur í sveitinni

Tómstundafræðingurinn Sjöfn og Guðmundur maðurinn hennar hafa skotið rótum á Baugsstöðum. Þess má geta að Baugsstaðir hafa verið í fjölskyldu Sjafnar í einar fimm kynslóðir eða frá árinu 1890, samkvæmt Íslendingabók. Fyrir um ári opnuðu Gummi og Sjöfn litla hestaleigu á Baugsstöðum sem heitir því frumlega nafni GobbiGobb. Það er skemmtileg saga að segja hvernig það kom til. „Ég var búin að ákveða að fyrirtækið okkar ætti að heita Baugs, enda á Baugsstöðum, svo hægt væri að bæta við endingum. Til dæmis Baugs-hestar, eða Baugs-nautakjöt. Þegar ég ætlaði að stofna fyrirtækið fékk ég synjun vegna þess að fyrirtækjaheitið Baugur, sem margir þekkja, er þegar skráð. Þá voru góð ráð dýr og við leituðum á náðir fésbókarinnar og skelltum í nafnasamkeppni. Það vildi svo til að litli bróðir minn kom með þessa skemmtilegu uppástungu að nafni. Ég þurfti ekki að hugsa mig um tvisvar og samdægurs varð GobbiGobb til“, segir Sjöfn kímin. Nafnið hæfir hestaleigunni vel, enda er hún smá í sniðum og áherslan er lögð á þæg og barnvæn hross sem allir geta riðið. Núna þegar covid ástandið varir má gera sér í hugarlund að það verði lítið að gera í hestaleigubransanum þetta sumarið. „Já, það var mjög fljótt ljóst að erlendir ferðamenn yrðu ekki margir þetta sumarið. Við ákváðum að venda kvæði okkar í kross og bjóða upp á sumarnámskeið hérna í sveitinni fyrir krakka í staðinn. Við erum það heppin að búa stutt frá Stokkseyri og Selfossi, svo það er ekki langt að fara til okkar. Ég er líka bæði með mikla reynslu í að vinna með krökkum og er með mastersgráðu í tómstunda- og félagsmálafræði frá HÍ. Ætli ég megi þá ekki titla mig tómstundafræðing?“ segir Sjöfn. Það er rétt að staðsetningin er mjög heppileg, enda búa þau við sjóinn og eru með Knarrarósvita á sinni jörð. „Þegar covid stóð sem hæst langaði mig að gera eitthvað gott fyrir náungann. Ég tók mig þá til og bjó til ratleik sem við settum upp við vitann. Í ratleiknum átti fólk að finna lausnarorð út úr nokkrum vísbendingum. Rúsínan í pylsuendanum var svo að þeir sem kláruðu ratleikinn geta komið til okkar í sumar og gefið hestunum hestanammi“ Í sumar verður væntanlega nóg að gera hjá Sjöfn og Guðmundi í námskeiðshaldi. „Við verðum með þrennskonar námskeið. Sveitanámskeið, þar sem áherslan er á að læra að umgangast dýrin og náttúruna. Hestanámskeið, þar sem aðal áherslan verður á hestana, og svo pollanámskeið fyrir þá krakka sem eru að útskrifast úr leikskóla, og árganginn fyrir ofan þá. Á öllum námskeiðunum verður lagt upp með að hafa gaman og njóta sín með dýrunum og í náttúrunni. Rannsóknir sýna nefnilega að útivera í náttúrulegu umhverfi og nánd við dýr hefur góð áhrif á allskonar þætti hjá börnum“ Hestar skipa stóran sess í lífinu á bænum og hægt er að sjá nokkrar gæsir á vappi. „Við erum líka með kálfa, hænur og hænuunga, og naggrísina Blíðu og Blæ. Og fjóra hunda. Við ætlum að fá okkur kanínur og okkur langar líka að taka að okkur heimaalning“. Það er víst búið að opna fyrir skráningar á námskeiðin „Já, og það hefur gengið vonum framar. Það hjálpar án efa til að í maí bjóðum við upp á 10% forskráningarafslátt og það er hægt að nýta frístundastyrkinn í námskeiðin okkar“ Það er greinilegt að námskeiðin eiga allan hug Sjafnar þessa dagana. „Það besta sem ég veit er að vinna með krökkum við að gera eitthvað skemmtilegt. Það er ekki að ástæðulausu að ég fór í tómstunda- og félagsmálafræði. Gallinn við þessa menntun er að hún þekkist lítið, svo valið er á milli þess að vinna á frístundaheimilum eða í félagsmiðstöðvum. Eða að skapa sína vinnu sjálfur“ Það er Sjöfn svo sannarlega að gera og er greinilega óhrædd við að hugsa út fyrir kassann. Fyrir þá sem vilja kynna sér námskeiðin frekar er hægt að finna upplýsingar inni á heimasíðunni, www.Gobbigobb.is.

Borðtennisspaðarnir á loft á Selfossi

Fyrsta borðtennisæfingin á Selfossi var haldin í Fjallasal Sunnulækjarskóla miðvikudaginn 13. maí sl. Átta spilarar mættu á æfingu og höfðu allir gaman af. Spilaðir voru margs konar borðtennisleikir, m.a. einliðaleikur, tvíliðaleikur, tröppukeppni og boðtennis. Æfingar í borðtennis verða framvegis haldnar á miðvikudögum klukkan 17:30-18:30 og á föstudögum klukkan 16:00-17:00 til og með 3. júní. Æfingarnar eru fyrir krakka í 5.-10. bekk grunnskóla í Árborg sem finnst gaman að spila borðtennis eða langar að prófa að spila borðtennis. Ekkert þátttökugjald. Megináhersla á æfingum er að hafa gaman að því að spila borðtennis, kynnast ýmsum borðtennisleikjum og bæta færni sína í leiðinni.

Það eru 3 borð á staðnum og kúlur, gott að koma með eigin spaða en það eru nokkrir aukaspaðar á staðnum. Það er hentugt að vera í inni-íþróttafötum á borðtennisæfingu, strigaskóm, stuttbuxum og bol.

Opið bréf til Vegagerðarinnar og Sveitarfélagsins Árborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir Briem

Íbúi í Árborg



Eins og allir vita liggur þjóðvegur eitt í gegnum Selfoss. Umferðarþungi á veginum er gríðarlegur og á þeim fáu árum sem ég hef búið í Árborg hefur umferðarþunginn farið vaxandi að mínu mati. Það er þó ljós í myrkrinu, en til stendur að flytja þjóðveginn út fyrir bæinn með tilkomu nýrrar brúar, norðan við Selfoss. Umferðarþungi vegarins er þó ekki eina vandamálið sem háir Austurveginum. Fyrir skömmu átti ég leið inn á Austurveg. Ég þurfti að bíða smá stund eftir að komast inn á veginn, eins og vani er vegna umferðar, en í millitíðinni keyrðu þrír bílar framhjá mér vestur Austurveginn. Bíll 1 og 2 hægðu á sér og stoppuðu fyrir gangandi vegfaranda sem var að ganga á gangbrautinni yfir Austurveg á móts við Landsbankann. Bíll 3 gaf hins vegar í, sennilega af því að bílstjórinn hefur ekkert skilið í seinagangi hinna sem hægðu á sér og ætlaði að taka framúr bíl 1 og 2 hægra megin. Ég ítreka að ökumaðurinn ætlaði sér að taka fram úr og það hægra megin og við gangbraut. Bíll 3 var kominn samhliða bíl 1 þegar hann náði að snarstoppa enda var gangandi vegfarandi að ganga á gangbrautinni á beinni leið í veg fyrir ökutæki 3. Þetta er vítavert gáleysi og því miður ekki í fyrsta né annað og alls ekki í þriðja skiptið sem ég verð vitni að einhverju þessu líku á Austurveginum. Til að leysa þetta vandamál og forða slysi, því ég veit það á eftir að verða, þá þarf að mínu mati að þrengja Austurveginn svo að það sé einfaldlega ekki hægt að taka framúr. Að aðstæðurnar bjóði hreinlega ekki uppá það. Að auki má lækka umferðarhraða mjög og merkja gangbrautir betur og setja ljósastýringu við fleiri gangbrautir. Ég bendi í þessu sambandi á greinarskrif eldri borgara í Árborg hér í Dagskránni um ákall um úrbætur vegna gangbrautarmála. Framúrakstur á Austurvegi er bannaður og á einfaldlega ekki að eiga sér stað. Málaðar merkingar stoppa ekki kærulausa bílstjóra.

Gamalt, en samt nýtt áfram!

Árið 1983 mátti nálgast forláta Yamaha orgel með innbyggðum skemmtara í verslun A. Blöndal á Eyravegi 20 á Selfossi. Herlegheitin mátti fá fyrir 7.450 kr. Já, þegar fólk var orðið lúið að stíga fúið harmóníumið tók rafmagnið yfir með trommuleik, rafhljóðum og sjálfspilandi undirleik.

Nú er samskonar orgel fáanlegt á nýjan leik í Nytjamarkaðinum á Selfossi, litlu norðar við Eyraveginn, á númer fimm. Tvö þegar síðast var gáð, fyrir 7000 kr. stykkið eftir því sem næst verður komist og prúttað. Þetta er kostaboð og gripurinn falur fyrir hvern þann sem kaupa vill. Fyrir orgelnörda er þetta merkilegt fyrir þær sakir að þarna voru menn að færa sig úr analog yfir í digital, sem margir eru að færa sig úr aftur og bakka til baka. Hálfgert olnbogabarn þetta tæki, þessa stundina. Þetta er lítil saga af orgeli sem kom á Selfoss og bíður nú kaupanda í annað sinn. Vonandi sér einhver aumur á því og bjargar frá bráðum bana.

-gpp

Auglýsing úr Dagksránni frá árinu 1983 frá hljómtækja og hljóðfæraverslun A. Blöndal á Selfossi.

ÚTBOÐ

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið:

Bílastæði Árhólma

Verklok eru: 7. september 2020

Verkið felur í sér gerð á bílastæðum við Árhólma í Ölfusdal. Um er að ræða 117 bílastæði, tvö stæði fyrir fatlaða, tvö bílastæði fyrir hleðslurafbíla og þrjú rútustæði langs með Ölfusvegi. Taka skal upp úr núverandi landi óburðarhæf efni sem liggja hærra en 60 cm frá hönnuðu yfirborði. Upptekið efni notast í fláa og landmótun á verkstað. Fylla styrktarlag, burðarlag og malbika yfirborð. Steypa kantsteina, um er að ræða 12 cm kantstein sem er sundurslitinn fyrir náttúrulega afvötnun. Mála skal merkingar bílastæða þ.e. línur og ferninga með viðeigandi táknum fyrir fatlaða og hleðslustöð.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	250	m^3
Styrktarlag	3099	m^3
Burðarlag	332	m^3
Malbik	3325	m^2
Ídráttarrör Ø110 mm	20	m
Ídráttarrör Ø50 mm	120	m
Kantsteinar	407	m
Málun lína	605	m
Merking fatlaðir og hleðslustöð	63	m^2

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 25. maí 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6908, eða með tölvupósti á netfangið bardur.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. júní 2020, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Byggingarfulltrúi Hveragerðisbæjar

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10–14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

HEILSA

Ég hef hafið störf á Selfossi og ég býð upp á:
Nálastungur ▪ Dáleiðsla
Heilun ▪ Bowen
Markþjálfun
Heildræn meðferð
Nudd ▪ Svæðanudd
Svandís Birkisdóttir
hjúkrunarfræðingur
Sími 786 1967

KIRKJUR

Selfosskirkja
Útiguðsþjónusta við Hellinn í Hellisskógi á hvítasunnudag 31. maí kl. 11:00. Þau sem hafa tök á eru hvött til að koma gangandi eða hjólandi, vonandi verður gott veður. Kirkjukórinn syngur fallega vor- og sumarsálma og lög, kórstóri Edit A. Molnár. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Þorlákskirkja
Sunnudagur 31. maí, hvítasunnudagur. Fermingarmessa kl. 11.00. Kór Þorlákskirkju leiðir söng. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir, Sr. Arnaldur Bárðarson og Guðmundur Brynjólfsson djákni þjóna.

Hraungerðiskirkja
Fermingarmessa kl. 14:00 á hvítasunnudag 31. maí, Organisti Guðmundur Eiríksson, almennur safnaðarsöngur. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Eyvindarhólakirkja undir Eyjafjöllum
Hátíðarguðsþjónusta á hvítasunnudag undir Eyjafjöllum verður í Eyvindarhólakirkju nk. sunnudag kl. 14:00. Organisti er Brian R. Haroldssson. Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða sönginn. Fjölmennum til kirkju á þriðju stórhátíð kirkjunnar. Allir hjartanlega velkomnir.

Víkurkirkja í Mýrdal
Hátíðarguðsþjónusta á hvítasunnudag í Mýrdal verður í Víkurkirkju nk. sunnudagskvöld kl. 20:00. Organisti er Brian R. Haroldssson. Félagar úr Samkór Mýrdælinga leiða sönginn. Fjölmennum til kirkju á þriðju stórhátíð kirkjunnar! Allir hjartanlega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja
Hátíðar- og fermingarmessa verður hvítasunnudag kl. 14.00. Skálholtskórinn syngur. Sungnir hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason.

Gaulverjabæjarkirkja
Sunnudagur 31. maí, hvítasunnudagur, messa kl. 11.00. Kór kirkjunnar leiðir söng. sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Organisti Haukur Arnarr Gíslason.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67,í. Biblíurannsókn kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin.

Hveragerðiskirkja
Fermingarmessa kl. 11. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Allir velkomnir!

Kotstrandarkirkja
Fermingarmessa kl. 13.30. Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Allir velkomnir!

Sandra Rún Jónsdóttir ráðin skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga

Á fundi stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga 22. maí var tekin ákvörðun um ráðningu í starf skólastjóra Tónlistarskóla Rangæinga sem auglýst var á dögunum. Niðurstaðan var að ráða Söndru Rún Jónsdóttur í starfið og mun hún hefja störf frá og með 1. ágúst 2020.

Sandra Rún Jónsdóttir er 26 ára og er með bakkalár gráðu frá Listaháskóla Íslands í skapandi tónlistarmiðlun auk meistaragráðu frá Barklee Collage of Music (Global Entertainment and Music Business). Hún starfar nú sem skóla- og hljómsveitarstjóri hjá Skólahljómsveit Austurbæjar en hefur einnig sinnt tónlistarkennslu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og Tónlistarskólann í Garði auk þess að starfa sem deildarfulltrúi við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hún stundaði tónlistarnám frá barnsaldri og leikur á blásturshljóðfæri. Hún hefur tekið þátt í Lúðrasveitarstarfi, spilað með Léttsveit og starfað með Bjöllukór Tónlistarskólans í Reykjanesbæ. Þá hefur Sandra Rún tekið virkan þátt í margvíslegu kóra- og leikhússtarfi.

Í greinargerð með ákvörðuninni segir: Starfið var auglýst í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, Dagskránni, Búkollu og á heimasíðum aðildarsveitarfélaga skólans í apríl 2020 með umsóknarfrest til 15. apríl 2020. Umsækjendur voru 8 talsins. Umsóknir voru flokkaðar með tilliti til þess hversu vel umsækjendur uppfylltu menntunar- og hæfniskröfur og ljóst að mjög góðar umsóknir lágu fyrir. Í auglýsingu um starfið var tekið fram að leitað væri að skólastjóra við Tónlistarskóla Rangæinga bs en helstu verkefni og ábyrgðarsvið hans eru stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi auk þess að veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi. Hvað varðar menntunar- og hæfniskröfur þá var gert ráð fyrir framhaldsmenntun á sviði tónlistar auk reynslu af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi. Auk þess var sett skilyrði um að viðkomandi hefði þekkingu og reynslu af stjórnun og rekstri. Önnur atriði sem lögð voru til grundvallar voru m.a. leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.

Eftir yfirferð og kynningu umsókna á Zoom-fundi í stjórn skólans þann 24. apríl 2020 var ákveðið að bjóða öllum 8 umsækjendum til viðtals þann 29.-30. apríl 2020. Viðtölin tóku Ágúst Sigurðsson, Anton Kári Halldórsson og Brynja Jóna Jónasdóttir. Umsækjendur mættu til viðtals með Zoom fjarfundabúnaði og hvert viðtal tók allt að 1 klst. Í kjölfar samtala var Ágústi og Antoni Kára falið að hafa sambandi við samstarfsaðila úr fyrri störfum. Stjórnin hittist aftur á Zoom-fundi þann 4. maí 2020 og fór yfir stöðu málsins og var þá ákveðið að bjóða þeim þremur umsækjendum sem hæfust þóttu til starfans aftur til viðtals. Þau viðtöl fóru fram þriðjudaginn 19. maí í húsnæði Tónlistarskólans á Hvolsvelli og tóku sömu aðilar þau viðtöl og áður. Við sama tækifæri var hverjum og einum hinna þriggja umsækjenda boðið að hitta starfsfólk á sérstökum starfsmannafundi og kynna sig og svara spurningum starfsfólks varðandi áherslur og framtíðarsýn fyrir skólann. Að afloknum viðtölum og kynningum áttu stjórnarmenn Tónlistarskólans samtöl við Sigurgeir Guðmundsson fráfarandi skólastjóra og Guðjón Halldór Óskarsson áheyrnarfulltrúa starfsmanna í stjórn skólans. Að þessu loknu áttu stjórnarmenn fund til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvaða umsækjandi þætti hæfastur til að gegna starfinu. Það var samdóma álit þeirra sem viðtölin tóku að hæfust til að gegna starfinu væri Sandra Rún Jónsdóttir. Samstarfsaðilar úr núverandi og fyrri störfum gáfu henni mjög góða umsögn og mæltu eindregið með að hún yrði ráðin til að gegna starfinu.

Stikla úr starfi Tónlistarskóla Árnesinga í maí 2020

Skólaárið 2019 – 2020 er að baki og verður það án efa lengi í minnum haft. Haustið fór mjög vel af stað og starfið sérlega blómlegt allt fram að samkomubanni 16. mars, vegna Covid. Þá hófst glíma við nýjar áskoranir og voru sigrarnir engu minni í fjarkennslunni sem tók við.

Það er alltaf gaman að líta yfir farinn veg og í *Voryfirliti* sem finna má á heimasíðu skólans www.tonar.is (Skólinn - Ársskýrslur), má sjá að uppskeran var fjölbreytt og glæsileg. Að baki allra þessara viðburða og tónleika liggur gríðarleg vinna nemenda og kennara og fjöldi æfinga og aukaæfinga, ekki síst þegar haldið var út fyrir veggi tónlistarskólans. Voru nemendur sér, skólanum og kennurum sínum til mikils sóma hvar sem þeir komu fram.

Það er aðdáunarvert hve vel gekk að ljúka vetrarstarfinu og eiga kennarar þar miklar þakkir skyldar. Nemendur eiga hrós skilið fyrir að halda sínu striki við heimaæfingar og ljúka þeim áföngum sem stefnt var að. Þetta hefur ekki alltaf verið auðvelt, en furðu fáir heltust úr lestinni. Þrátt fyrir Covid, ljúka í vetur um 170 nemendur hljóðfæra- og söngprófum.

Skólaárinu lýkur venjulega með miklu tónleikahaldi og skólaslitum, en þeir mannfagnaðir urðu að víkja í vor, auk fjölda annarra viðburða og tónleikaferðalaga. Við horfum nú til þess með tilhlökkun að komast út í íslenska sumarið og að hittast aftur full orku í haust. Fyrir hönd Tónlistarskóla Árnesinga þakka ég öllum nemendum og foreldrum fyrir samveruna í vetur.

Við fögnum líka nýjum nemendum og vil ég benda áhugasömum á að sækja um á heimasíðu skólans www.tonar.is - UMSÓKN UM SKÓLAVIST. Sækja má um skólavist hvenær sem er ársins, en til að komast í fyrstu úthlutun, er gott að sækja um núna um mánaðamótin.

Helga Sighvatsdóttir,
skólastjóri

Sláturhús Selfossi

Störf í sláturtíð haustið 2020

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða **slátrara** sem og **almenna starfsmenn** til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins **www.ss.is** undir „sækja um starf".

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma **480 4100.**
Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins **www.ss.is.**

Grilldagur Kríunnar 2020

Einn af vorboðum hestamanna í Flóanum er Grilldagur Kríunnar. Á Grilldaginn koma hestamenn ríðandi úr öllum áttum á sveitakrána Kríuna í Kríumýri sem er í útjaðri Selfoss, og fagna hækkandi sól með grilli og góðum veigum. Í ár verður dagurinn 30. maí og verður byrjað að fýra upp í grillinu klukkan 15.00. Allir eru velkomnir að fagna með Flóamönnum hvaða fararskjóta sem þeir nota til að mæta á svæðið.

VERTU MEÐ!

Við leitum að aðstoðarverslunarstjóra

BYKO Selfossi auglýsir eftir aðstoðarverslunarstjóra. Við leitum að öflugum, hressum og duglegum leiðtoga til að aðstoða okkur við að stýra þeim frábæra hópi fólks sem vinnur í BYKO á Selfossi.

Starfið felst í að tryggja framúrskarandi þjónustuviðmót starfsmanna verslunarinnar, vöruframsetning sé í samræmi við áherslur BYKO og tryggja að verslun og nærumhverfi sé eins og best verður á kosið. Einnig mun aðstoðarverslunarstjóri hjálpa verslunarstjóra með ýmis starfsmannamál.

Við leitum að einstaklingi sem er leiðtogi, lausnamiðaður, á auðvelt með að vinna í hópi, er einstaklega þjónustulundaður og hefur óbilandi áhuga á verslun og er vel fær á flest almenn tölvuforrit.

Sótt er um hjá verslunarstjóra eða á byko.is

Gunnar Bjarki Rúnarsson
gunnarbr@byko.is eða í síma 480-4600
Umsóknarfrestur til 5. júní

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2549 Miðvikudagur 27. maí 2020

48 milljónir til 96 fyrirtækja á Suðurlandi

Úthlutun úr Sóknarfærum ferðaþjónustunnar hjá SASS

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hafði til umfjöllunar þær 211 umsóknir sem bárust í áhersluverkefnið Sóknarfæri ferðaþjónustunnar, nýjan sjóð á vegum SASS til stuðnings ferðaþjónustunni á Suðurlandi. Fagráð Sóknaráætlunar Suðurlands skilaði af sér tillögu til stjórnar SASS og samþykkti stjórn SASS tillöguna einróma á fundi sínum þann 22. maí sl. Alls var úthlutað 48 milljónum króna. Hlutu 96 fyrirtæki styrk að fjáhæð 500.000 kr. ásamt frekari stuðningi. Þessi sértæka úthlutun á fjármunum Sóknaráætlunar Suðurlands er tilkomin vegna áhrifa Covid-19 veirunnar á atvinnulíf á Suðurlandi.

Nú þegar styrkþegum hefur verið tilkynnt um úthlutunina gefst þeim tækifæri á að hrinda þeim verkefnum í framkvæmd sem lagt var upp með í umsóknum sínum. Flest verkefnin sneru að eflingu markaðssóknar á innlendum markaði ferðamanna á næstu misserum. Markmiðið nú er að hámarka þann árangur sem náðst getur. Mun SASS styðja þau enn frekar í þeirri vegferð.

Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi getað stutt við svo mörg fyrirtæki er hópurinn einnig stór sem ekki fékk úthlutað fjármagni. Verður sérstaklega horft til þess að styðja þann hóp og metnaðarfull verkefni þeirra. Flest fyrirtæki í ferðaþjónustunni standa í svipuðum sporum þessa dagana og verður horft til þess að bjóða öllum umsækjendum stuðning í formi ráðgjafar og þátttöku á námskeiðum. Unnið er að því að móta fræðsluverkefni út frá þörfum og viðfangsefnum fyrirtækjanna, út frá greiningum á eðli og viðfangsefnum þeirra sem lesa mátti út úr þeim 211 umsóknum sem bárust. Verða þær aðgerðir kynntar umsækjendum á næstu dögum. SASS óskar styrkþegum og umsækjendum góðs gengis við að vinna að framgangi sinna verkefna.

Nafnasamkeppni um nýjan leikskóla á Selfossi

Á fundi Fræðslunefndar Árborgar þann 18. maí sl. var ákveðið að efna til nafnasamkeppni vegna nýs leikskóla í Engjalandi á Selfossi. Stefnt er að opa leikskólann á vordögum 2021. Nafnasamkeppnin er öllum opin og íbúar eru hvattir til að taka þátt í samkeppninni. Frestur til að skila inn tillögum að nafni á nýja leikskólann er til og með þriðjudeginum 9. júní 2020. Tillögum á að skila með tölvupósti í netfangið skolathjonusta@arborg.is. Upplýsingar um nafn, heimilisfang og síma sendanda þarf að koma fram í póstinum. Verðlaun verða veitt fyrir þá tillögu sem verður fyrir valinu. *-gpp*

Mótokrossið ekki í Kirkjuferju

Erindi frá Braga Bjarnasyni, deildarstjóra frístunda- og menningardeildar í Árborg lá fyrir skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss. Erindið var að óska eftir aðstöðu til æfinga og keppni í mótokrossi á svæði Sorpstöðvar Suðurlands í Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi. Erindinu var hafnað með þeim orðum að nú þegar væru tvö svæði undir mótokross í Ölfusi og ekki ástæða til að fjölga þeim. „Hins vegar mætti bjóða aðgengi að okkar frábæra mótorsport svæði uppi á Sandi. Er þeim bent á að setja sig í samband við klúbbana í Ölfusi og kanna hvort þar sé ekki flötur á samstarfi,“ segir í bókun í fundargerð nefndarinnar. *-gpp*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Josera
Gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

DFS.IS
Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Jiiibbiii
Siggaferdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Stálsmíði
- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeyrsluvarnir
- Sérsmíði
Andraco ehf
Lynghæð, Urriðafossvegi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is